

7. fundur umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu

Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, þriðjudaginn 15. febrúar 2011 kl. 12:00

Mætt: Jóhanna Helgadóttir formaður, sem ritaði fundargerð á tölvu, Sóley Indriðadóttir, Ólafur B. Sveinsson, Josteinn Hermundsson og Vikar Már Vífilsson. Einnig sat fundinn Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ísfélag Vestmannaeyja, umsókn um byggingaleyfi fyrir nýtt ketilhús við loðnuverksmiðju félagsins við Hafnarveg á Þórshöfn.

USB leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt ef jákvæðar umsagnir fást frá Brunamálastofnun og Heilbrigðisnefnd, einnig með fyrirvara um fullnægjandi skil á skráningargögnum mannvirkja til byggingarfulltrúa.

2. Beiðni um samþykki sveitarfélagsins á sölu hluta jarðarinnar Helluland.

USB samþykkir samhljóða eignaskipti skv. meðfylgjandi gögnum.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 13:05